

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2025, þriðjudaginn 1. júlí kl. 10:25 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1213. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro og Sigrún Reynisdóttir. Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Arnarbakki 2 - USK25050341

Sótt er um leyfi til að byggja tvö 3.-4. hæða fjölbýlishús, mhl. 01 og mhl. 02, með 70 námsmannaíbúðum á 2.-4. hæð, sameiginleg rými fyrir íbúa á 1. hæð mhl. 01, fimm deilda leikskóli á 1. hæð mhl. 02 ásamt hjóla- og sorpskýlum, mhl. 03 og mhl. 04 á lóð nr. 2 við Arnarbakka.

Stærð, mhl. 01: 3.152 ferm., 9.718,6 rúmm.

Mhl. 02: 4.237 ferm., 14.406,7 rúmm.

Mhl. 04, B-rými: 50,3 fwerf.

Erindi fylgir orkurammi og greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 18. júní 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

2. Aðalstræti 7 - USK25050176

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052944 þannig að byggður er kvistur og komið fyrir þakglugga á eldra hús, skipt um rakaskemmda innviði þess og til að breyta um klæðningu á vestari nýbyggingu, koma fyrir kvisti og breikka glugga á nýbyggingu á lóð nr. 7 við Aðalstræti.

Erindi fylgir minnisblað hönnunarstjóra dags. 8. maí 2025, yfirlit breytinga, minnisblað burðarvirkishönnuðar dags. 28. apríl 2025, útskrift úr fundargerð skipulagsfulltrúa dags. 2. apríl 2025, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. mars 2025 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. mars 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

3. Ánanaust 5 - USK25060319

Sótt er um leyfi til að breyta BN060630 og USK25030329 með því að færa heita potta við íbúðir 3-0703 og 0702 auk þess sem innra skipulagi er breytt í íbúð 0703 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 5 við Ánanaust.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsinga á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

4. Árland 8 - USK25040203

Sótt er um leyfi til þess að byggja viðbyggingu og innrétta þar eldhús og borðstofu við suðurhlíð einbýlishúss Árlandi 8, mhl.04, á lóð nr. 2-8 við Árland. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júní sl., fylgir erindi.

Stækkun: 40.3 ferm., 190.9 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 7. maí 2013.

Frestað. Vísað til athugasemda. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júní 2025

5. Ármúli 31 - USK25010108

Sótt er um leyfi til að byggja 4-6 hæða steinsteypt fjölbýlishús með 253 íbúðum, 108 á B-reit og 145 á C-reit og bílakjallara með 221 stæði sem tengist bílakjallara undir D-reit á Orkureit á lóð nr. 31 við Ármúla.

Erindi fylgir brunahönnun frá Öruggeri dags. 20. maí 2025, dagsbirtuútreikningar frá Verkvisi dags. 11. nóvember 2024 og fylgiskjal um algilda hönnun.

Stærð mhl. 08, A-rými: 35.091 ferm., B-rými: 1.483,8 ferm., 118.217, rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsinga á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

6. Ármúli 6 - USK25050524

Sótt er um leyfi til að innrétta fjórar leikskóladeildir fyrir 64 börn á 2. og 3. hæð þannig að heildarfjöldi barna verður 114 í Múlaborg á lóð nr. 6 við Ármúla.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 27. maí 2025, greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 29. maí 2025, hljóðvistargreinargerð frá Myrra dags. 22. maí 2025 og yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Baldursgata 23 - USK25020301

Sótt er um leyfi til þess að sameina mhl.02 og mhl.70 og fyrir áður gerðum breytingum á núverandi útliti og innra skipulagi vegna gerðar eignaskiptasamnings fyrir íbúðarhús á lóð nr. 23 við Baldursgötu.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 14. maí 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

8. Bankastræti 14 - USK25040206

Sótt er um leyfi til þess að stækka gistiheimili með því að bæta við 2. hæð, rými 0201, innrétta hvíldarstofu fyrir hótलगesti og veitingastað í flokki II teg. f fyrir 40 gesti jafnframt er flokkun gististaðar breytt í flokk IV, tegund b fyrir 20 gesti á 2.- 4. hæð í sambýlishúsi nr. 14, mhl.01, á lóð nr. 14 - 14A við Bankastræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 25. apríl 2017.

Synjað. Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. janúar 2025.

9. Bankastræti 5 - USK25050073

Tilkynnt er um framkvæmd sem snýr að innanhússbreytingum á veitingastað í flokki III í húsi á lóð nr. 5 við Bankastræti.

Frestað. Vísað til athugasemda.

10. Barðavogur 36 - USK25010085

Sótt er um leyfi til að dýpka kjallara, innrétta íbúð 0001 og fjölga þannig eignum í íbúðarhúsi á lóð nr. 36 við Barðavog.

Stækkun: 0.0 ferm., 15.5 rúmm.

Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 20. febrúar 2025, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. mars 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 10. september 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Brautarholt 8 - USK25020325

Sótt er um leyfi að breyta erindi USK23010170 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 8 við Brautarholt.

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Breiðhöfði 15 - USK25060188

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23090058 þannig að íbúðum er fjölgað um fjórar með því að skipta stórum íbúðum þannig að íbúðir verða 115 alls, gróðurklæðningu skipt út fyrir málmlæðningu, handrið verða úr gleri og stáli, innakstur í kjallara færður innar, svalalokunum komið fyrir vegna hljóðvistar auk ýmissa breytinga á innra skipulagi vegna burðarþolshönnunar í fjölbýlishúsum á lóð nr. 15 við Breiðhöfða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og greinargerð um brunavarnir frá EFLU dags. 6. júní 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

13. Drápuhlíð 15 - Stöðuleyfi - USK25050086

Sótt er um stöðuleyfi fyrir gám á tímabilinu 5. maí til 30. júní vegna flutninga, við hús á lóð nr. 15 við Drápuhlíð.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

14. Dynskógar 11 - USK25020128

Sótt er um leyfi til að stækka svalir og byggja yfir þær, setja nýjar útihurðir og glugga, færa sorp, taka lagnarými í kjallara í notkun sem geymslu auk þess sem gerð er breyting á innra skipulagi í húsi á lóð nr. 11 við Dynskóga.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 29. nóvember 1973.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið sbr. bókun á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2025.

Stækkun, áður óútgrafið rými: 64 ferm., 140,8 rúmm.

Stækkun svala 4,8 ferm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

15. Eddufell 6 - USK25040335

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24050105 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi er breytt , djúpgámar færðir til, aðgengi bætt með skábrautum og stigleiðslur færðar til í fjölbýlis- og þjónustuhúsi við Eddufell 6, mhl.03, á lóð nr. 2-8 við Eddufell.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 23. júlí 2024.

Frestað. Lagfæra skráningu.

16. Eyjarlóð 5 - USK25050488

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu smábrugghús í rými 0101 í húsi á lóð nr. 5 við Eyjarlóð. Erindinu fylgir yfirlit breytinga dags. 1. desember 2015.

Frestað. Vísað til athugasemda.

17. Fiskislóð 45 - USK25060073

Sótt er um leyfi til þess að fækka eignum með því að sameina rými 0104 og 0204, breyta innra skipulagi og innréttu dýralæknastofu með móttökurýmum, skoðunarherbergjum, skurðstofum, röntgenstofu, hvíld og starfsmannaaðstöðu á millilofti, rými 0221, á 1. og 2. hæð, einnig er iðnaðarhurð skipt út með glugga á norðurhlið á 1. hæð í iðnaðarhúsi á lóð nr. 45 við Fiskislóð.

Erindi fylgir greinargerð um hönnun dýralæknastofu dags. 5. apríl 2025, samþykki meðlóðarhafa dags. 20. janúar 2025 og greinargerð brunahönnunar sfl, um brunavarnir dags. 28. maí 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

18. Fiskislóð 73 - USK25050113

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN06090, með síðari breytingum BN061276, BN061483 og BN061579, þannig að sýningarrými Lava Show er stækkað með því að taka allt húsið í notkun, innréttu nýjan sýningarsal á tveimur hæðum fyrir alls 85 manns, stækka minjagripaverslun, bæta við skrifstofum, fjölga snyrtingum og koma fyrir lyftu á milli hæða, koma fyrir nýjum flóttastiga frá svölum á norðausturhlið, jafnframt því að byggð er viðbygging, óupphituð geymsla fyrir tæknibúnað, við norðvestur gafl iðnaðarhúss nr. 73 á lóð nr. 71-73 við Fiskislóð.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar, Minnispunktar, dags.6. maí 2025, skýrsla Cowi verkfræðistofu um brunahönnun útg. 03, dags. 23. apríl 2025 og yfirlit breytinga á afriti samþykkttra aðaluppdrátta.

Frestað. Vísað til athugasemda.

19. Fossaleynir 19-23 - USK25050045

Sótt er um leyfi til að byggja stálgrindarhús, að hluta til á tveimur hæðum fyrir ísgerð, klætt berandi steinullareiningum sem verður nr. 19 og mhl. XX á lóð nr. 17-19 við Fossaleyni.

Erindi fylgir brunahönnun dags. 26. júní 2025, útreikningur á varmatapi dags. 5. maí 2025, minnisblað um hreinsiferla frá Cowi dags. 26. júní 2025 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júní sl.

Stærð: 3.392 ferm., 36.389,7 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Fossvogsbrú - USK25060326

Sótt er um leyfi til að byggja 270 m langa stálbitabrú yfir Fossvog fyrir almenningssamgöngur, göngu- og hjólastíga.

Erindi fylgir minnisblað Eflu varðandi framkvæmdina dags. 6. júní 2025, yfirfarnir gátlistar I, II og III frá Eflu dags. 28. janúar 2025, 2. maí 2025 og 26. júní 2024, verkáætlun, skýrsla um verkhönnun frá Eflu dags. 29. janúar 2025 og samantekt á hönnunargögnum dags. 1. maí 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

21. Gerðarbrunnur 44 - USK25020299

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN037350 þannig að gerð er aukaíbúð á 1. hæð, stigi uppá 2. hæð og þriðja bílastæðinu bætt við framan við einbýlishús á lóð nr. 44 við Gerðarbrunn.

Erindi fylgir samþykki lóðarhafa Gerðarbrunnis 46 dags. 18. mars 2025 og lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. október 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

22. Grettisgata 3 - USK25040208

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innréttu veitingastað í flokki I teg.? fyrir alls ? manns í rými 0102 í verslunar-og íbúðarhúsi nr. 3, mhl.01, á lóð nr. 3-3a við Grettisgötu.

Erindi fylgir afrit af aðaluppdráttum samþykktum 2. nóvember 2021.

Frestað. Vísað til athugasemda.

23. Hagamelur 67 - USK25030197

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi á veitingastað í flokki II, tegund a, fyrir 30 gesti í rými 0101 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 67 við Hagamel.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Hringbraut 50 - USK25050447

Sótt er um heimild til að byggja reykskýli út gleri undir sem viðbyggingu undir tengigangi, mhl.03, milli Grundar og Litlu Grundar, mhl.01, á lóð nr. 50 við Hringbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 1. apríl 2003

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

25. Hverafold 1-3 - USK24120098

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 1-3 við Hverafold.

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Hverafold 1-3 - USK24120169

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innra skipulagi hefur verið breytt og innréttað sólbaðstofa í rými 0202, á 2. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.01, á lóð nr. 1-3 við Hverafold.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 17. maí 2022.

Frestað. Vísað til athugasemda.

27. Háteigsvegur 44 - USK25060285

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23030370 með því að skipta bílskúr í tvennt og innrétta þar vinnustofur með sérinngangi, fjarlægja þakkant, breyta gluggum og breyta innra skipulagi í tvíbýlishúsi á lóð nr. 44 við Háteigsveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Katrínarlind 7 - USK24040328

Sótt er um leyfi til að setja svalaskýli á allar íbúðir fjölbýlishúss á lóð nr. 1-7 við Katrínarlind.

Erindi fylgir samþykki frá rúmlega 2/3 hluta eiganda.

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. Köllunarklettsvegur 1 - USK25040406

Sótt er um að koma fyrir sjálfvirku geymslukerfi í hluta lagerrýmis og uppfæra brunavarnir til samræmis í atvinnuhúsi á lóð nr. 10 við Köllunarklettsveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Lambhagavegur 33 - USK25010190

Sótt er um leyfi til þess að byggja 2- 4 hæða skrifstofu- og verslunarhús með bílageymslu á lóð nr. 33 við Lambhagaveg.

Stærð: 5.443.4 ferm., 22.332.8 rúmm.

Nýtingarhlutfall 0.63

Erindi fylgir ódagsett greinargerð um aðgengi, ódagsett greinargerð hönnuðar, minnisblað Lotu verkfræðistofu um brunavarnir dags. 16. janúar 2025, mæliblað 2.645.1 dags. 26. júní 2012 og hæðablað 2-645-1 dags. 2. febrúar 2023.

Frestað. Lagfæra skráningu.

31. Laufásvegur 11 - USK25010042

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að fyrrum heilsugæslu hefur verið breytt í íbúð 0101 í húsi á lóð nr. 11 við Laufásveg.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 11. mars 2025 , greinargerð hönnuðar dags. 15. febrúar 2025 og yfirlit breytinga á teikningu c2c1- útg. 1.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Laugarásvegur 57 - USK23080046

Sótt er um leyfi til að gera svalir á austurgafli á 2. hæð og svalahurð úr stofu í kjallara húss á lóð nr. 57 við Laugarásveg.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið sbr. bókun á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 24. janúar 2024.

Frestað. Lagfæra skráningu.

33. Laugavegur 1 - USK25010147

Sótt er um leyfi til að rífa að hluta og endurgera framhús, stækka með viðbyggingu við bakhlið og innrétta sem verslun í kjallara og jarðhæð og gistirými á efri hæð húss, mhl.01, á lóð nr. 1 við Laugaveg

Stækkun: 530.1ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir mæliblað 1.171.0 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. maí 2022 og deiliskipulagsuppdráttur fyrir reit1.171.0 samþykkt í borgarráði 11. apríl 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 15. júní 2021

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

34. Laugavegur 139 - USK23040234

Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum úr einni í fimm íbúðir og setja tvennar svalir, fyrir íbúð 0201, á norðurhlið íbúðarhúss á lóð nr. 139 við Laugarveg.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 11. desember 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 29. október 2002.

Frestað. Vísað til athugasemda.

35. Laugavegur 139 - USK24120113

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingu sem meðal annars fela í sér að gerðar hafa verið svalir á norður hlið 2. hæðar, tröppur gerðar á bakhlið og innréttaðar 5 íbúðir í íbúðarhúsi á lóð nr. 139 við Laugarveg.

Breytingar eru byggðar á aðalteikningum samþykktum með erindi BN044004 þann 17. apríl 2012 sem fallið er úr gildi þar sem ekki var gefið út byggingarleyfi.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK23040234.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 28. maí 2025, greinargerð hönnuðar dags. 11. desember 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 29. október 2002.

Frestað. Lagfæra skráningu.

36. Laugavegur 29 - USK25010213

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23090251 þannig að opnað er inni bakbyggingar, gerð skábraut þangað, léttir veggir fjarlægðir og innréttað rakarastofa í bakhúsi á lóð nr. 29 við Laugaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og greinargerð um brunavarnir frá Öruggr dags. 18. júní 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsinga á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

37. Lindargata 58 - USK25030384

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri framkvæmd sem snýr að breytingum á rými 0102 og 0002 og fá leyfi til að innrétta íbúð í húsi nr. 58 við Lindargötu.

Erindi fylgir samþykki lóðarhafa fyrir breytttri notkun. Erindinu fylgir fyrirspurn til skipulagsfulltrúa um að fjölga eignum í húsinu og ekki voru gerðar athugasemdir við það 27. febrúar 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. Lækjarsel 10 - USK25040122

Sótt er um leyfi til þess að stækka svalir á efri hæð og stækka rými á neðri hæð tvíbýlishúss á lóð nr. 10 við Lækjarsel.

Erindi fylgir fundargerð af húsfundar dagsett 23. janúar 2025.

Afturkölluð er synjun byggingarfulltrúa frá 25. maí sl.
Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Mjölnisholt 6 - USK25050444

Sótt er um leyfi til að sameina lóðir nr. 6 og nr. 8, breyta erindi BN056561 þannig að komið er fyrir utanálíggjandi stigahúsi á bakhlið, eldri stigar fjarlægðir og gerðir inngangar frá svölum, bætt við íbúð í risi og byggður geymsluskúr á baklóð fjölbýlishúss á lóð nr. 6 við Mjölnisholt.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Stærð eftir breytingar:

Mhl. 01: 660 ferm., 1.544,2 rúmm.

Mhl. 02: 52 ferm., 175,1 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Njálsgata 104 - USK25050487

Sótt er um leyfi til að setja svalahurð á suðurhlið húss á lóð nr. 104 við Njálsgötu.

Erindinu fylgir staðfesting burðarþolsverkfræðings dags. 19. maí 2025 og samþykki meðeiganda.

Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Norðurstígur 3 - USK25010193

Sótt er um leyfi til að byggja tvær hæðir ofan á núverandi íbúðarhús, fjölga eignum og bæta við tveimur íbúðum í íbúðarhúsi á lóð nr. 3 við Norðurstíg.

Stækkun: 139.8 ferm., 401.3 rúmm.

Sambærileg erindi BN053130 og BN057007 voru samþykkt á afgreiðslufundi þann 10. október 2017 og þann 28. janúar 2020 en féllu úr gildi þar sem ekki var gefið út byggingarleyfi.

Erindi fylgir tölvupóstur frá Minjastofnun dags. 25. júní 2025, umsögn Minjastofnunar dags. 26. maí 2025, samþykki meðeiganda á teikningum THG arkitekta dagsettum 27. desember 2024, ódagsett minnisblað Myrru um hljóðvist, afrit af deiliskipulagsuppdraetti fyrir Norðurstígsreit 1.132.0, auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 15. febrúar 2017 og yfirlit breytinga á afriti af aðalteikningum sem samþykktar voru 28. janúar 2020.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsinga á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

42. Nýlendugata 21 - USK23030276

Sótt er um leyfi til þess að sameina matshluta 01 og 02 við Nýlendugötu 21, breyta notkun og innrétta þrjár íbúðir, hækka um eina hæð Nýlendugötu 21a, mhl.02, og reisa sorp- og hjólaskýli í suðvesturhorni lóðar nr. 21 við Nýlendugötu.

Stækkun mhl.01: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Stækkun mhl.02: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Stærð mhl.03: xx. x ferm., xx.x rúmm

Erindi fylgir ódagsett greinargerð Sei stúdíó á ljósmagn og gólfleti, afrit af greiðslukvittun vegna þinglýsingar lóðabreytinga stimpluð hjá sýslumanni 15. desember 2023, umsögn Minjastofnunar dags. 21. mars 2025, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 21. mars 2023, minnisblað brunahönnuðar dags. 20. mars 2023 og yfirlit breytinga afriti af eldri samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Sigluvogur 10 - USK25050138

Sótt er um leyfi til að gera svalir og svalahurð á suðurhlíð fjölbýlishúss á lóð nr. 10 við Sigluvog.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda áritað á uppdrátt dags. 30. apríl 2025.

Frestað. Lagfæra skráningu.

44. Skeljanes 8 - USK25020323

Sótt er um leyfi til þess að klæða einbýlishús með málmklæðningu, endurnýja handrið á svölum ásamt því að breyta inngöngum í kjallara húss á lóð nr. 8 við Skeljanes.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

45. Skrauthólar 4 - USK25030248

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23100124 eignum er fjölgað og vinnustofa, mhl.11, verður sér eign á lóð nr. 4 við Skrauthóla.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

46. Skyggisbraut 1 - USK25050335

Sótt er um leyfi til að koma fyrir svalalokunum á svalor íbúða á lóð nr. 1 við Skyggisbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og fundargerðir húsfunda dags. 18. apríl 2023 og 8. maí 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

47. Smiðshöfði 19 - byggingarheimild - USK25040336

Sótt er um byggingarheimild fyrir auglýsingaskilti á lóð nr.19 við smiðshöfða. Stærð skjásins er 5,9 x 3,8 m á kant.

Frestað. Vísað til athugasemda.

48. Sogavegur 3 - USK25050210

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24050067, með síðari breytingu USK24080309, þannig að bætt er við geymslu í kjallara, viðbygging er einangruð að utan, tveimur gluggum er bætt við á norðurhlið, slóðbrunnur er færður til og skráningartafla er uppfærð fyrir verslunar- og vinnsluhús á lóð nr. 3 við Sogaveg.

Stækkun: 39.5 ferm., 114.8 rúmm.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. apríl 2025 og afrit af aðaluppdráttum samþykktum 12. desember 2023

Frestað. Vísað til athugasemda.

49. Sporhamrar 14 - USK25060349

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23110227 (Hlaðhamrar 52) þannig að gluggar á vesturhlið eldra húss eru síkkaðir, lóðarhönnun hefur verið uppfærð og við það falla út nokkrar skábrautir á lóð ásamt því að gerðar eru breytingar á loftræsingu og innra skipulagi í leikskóla á lóð nr. 14 við Sporhamra.

Erindi fylgir áætlun um innra eftirlit hönnunarstjóra, greinargerð hönnunarstjóra dags. 23. júní 2025, yfirlit breytinga dags. 23. júní 2025 og samantekt á brunavörnum frá Verkís dags. 18. júní 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

50. Stangarholt 4 - USK24110371

Sótt er um leyfi til að breyta BN057607 sem snýr að mhl. 02 vegna lokaúttektar sem snýr að nýjum þakglugga, vaski, salerni auk notkunarbreytingu úr bílageymslu í íbúð í rými 0102 auk í húsi nr. 4 við Stangarholt.

Frestað. Vísað til athugasemda.

51. Stefnisvogur 36 - USK25040220

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061455 með því að breyta lóðarhönnun við fjölbýlishús á lóð nr. 28-36 við Stefnisvog.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

52. Síðumúli 21 - USK25040404

Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum með því að skipta rými 0101 í tvær eignir; rými 0101 og rými 0102, breyta innra skipulagi og innrétta sem tvö sjálfstæð atvinnurými í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.01, á lóð nr. 21.

Erindi fylgir afrit aðaluppdráttar samþykktum 12. mars 1964.

Frestað. Vísað til athugasemda.

53. Tryggvagata 15 - USK25060350

Sótt er um leyfi til að endurnýja og byggja ofaná Grófarhús, breyta innra skipulagi og innrétta fyrir Borgarbókasafnið hús á lóð nr. 15 við Tryggvagötu.

Erindi fylgir brunahönnun frá Örugger dags. 24. júní 2025, greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 23. júní 2026, forhönnunarskýrslur frá Eflu um burðarvirki dags. 24. júní 2025 og lagnir og loftræsingur dags. 20. júní 2025 ásamt orkuramma dags. 24. júní 2025.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Eftir breytingar: 6.393,4 ferm., 23.756,5 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

54. Tryggvagata 16 - USK24100179

Sótt er um leyfi til að byggja gufubað, rými 0603 og geymslu, rými 0604, á þaksvölum íbúðar 0501 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 16 við Tryggvagötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

55. Tröllaborgir 14 - USK25050147

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK23020323 þannig að hætt er við að byggja svalir ofan á viðbyggingu við íbúð 0101 í íbúðarhúsi á lóð nr. 14 við Tröllaborgir.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 6. júní 2023.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsinga á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

56. Tungusel 2 - USK25040072

Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir tveimur færanlegum kennslustofum og tengibyggingu sem verður mhl. 02 á lóð nr. 2 við Tungusel

Erindi fylgir mæliblað 4.934.1 dags. 4. október 1993 og greinargerð um brunahönnun frá Örugg dags. 12. júní 2025.

Stærð: 204,4 ferm., 761,1 rúmm.

Frestað. Lagfæra skráningu.

57. Tunguvegur 19 - USK25050545

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN052227, með síðari breytingum BN058080 og USK25010129 vegna lokaúttektar á húsi á lóð nr. 19 við Tunguveg.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 25. júní 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 4. mars 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

58. Túngata 14 - USK25040251

Sótt er um leyfi til að koma fyrir lyftu í stigahúsi og innrétta snyrtingar í fyrrum geymslum á 1. hæð og í kjallara atvinnuhúss á lóð nr. 14 við Túngötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

59. Týsgata 8 - USK25050394

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun húss skráð sem verslunar- og íbúðarhúsnaði í atvinnuhús á lóð nr. 8 við Týsgötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

60. Úlfarsbraut 16 - USK25030118

Sótt er um leyfi til þess að bæta við millipalli yfir þvottahúsi, geymslu og anddyri og byggja viðbyggingu við bílskúr til norðvesturs á einbýlishúsalóð nr. 16 við Úlfarsbraut.

Stækkun: 8.6 ferm., 30.8 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 7. desember 2021.

Frestað. Lagfæra skráningu.

61. Varmahlíð 1 - USK25050364

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24100342 þannig að við tengigangur er gerður frá forsmíðuðum sýningarsal, mhl. að Perlunni, mhl.01, á lóð nr. 1 við Varmahlíð.

Erindi fylgir greinargerð Öruggr um brunahönnun viðbyggingar útgáfa V01 dags. 25. maí 2025 og yfirlit breytinga á ósamþykktum aðaluppdráttum teiknistofunnar Ludika dags. 25. maí 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

62. Vitastígur 14 - USK25020373

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að opnun milli hæða og nýjum stiga, kjallaragólf lækkað, auk innanhússbreytinga í kjallara í húsi nr. 14 við Vitastíg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

63. Þverársel 26 - USK25030247

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og byggja viðbyggingu við vesturhlíð einbýlishúss á lóð nr. 26 við Þverársel.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 15. apríl 2025 og yfirlit breytinga að aðaluppdrætti samþykktum 25. október 1979.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Fundi slitið kl. 13:00

**Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Margrét Pálína Cassaro
Sigrún Reynisdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir**